



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbótarverkefni í tengslum við Klettaskóla - Tilvísun í mál R19090133

Á fundi borgaráðs 12. september 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbótarverkefni í tengslum við Klettaskóla.

"Fyrirspurn vegna viðbótarverka í tengslum við Klettaskóla sem leiddi til að farið var fram úr kostnaðaráætlun. Viðbótarverkin eru tilkomin að sögn meirihlutans þar sem ekki var hægt að sjá öll verk fyrir er vörðuðu húsbúnað, lóð og húsnæði. Fram hefur komið í svari frá borginni að í þessari framkvæmd er um að ræða framúrkeyrslu að upphæð 348 m.kr. til hækkunar eða 9.7%. Fram kemur að það sé innan skekkjumarka áætlunargerðar. Spurt er: Hver og hvernig eru skekkjumörkin ákveðin og hverjar eru forsendurnar?"

Svar umhverfis- og skipulagssviðs:

Við gerð kostnaðaráætlana vegna framkvæmda er stuðst leiðbeiningar og þau viðmið um nákvæmni sem fram eru sett í handbók Fjármálaráðuneytisins um opinberar framkvæmdir (nr. 2, 1991)

Kostnaðaráætlunum er skipt í þrjú stig eftir nákvæmni og þær eru gerðar á mismunandi stigum undirbúnings verklegra framkvæmda:

1. Frumáætlun er ætlað að vera vísbending um stærðargráðu kostnaðar. Áætlun er gerð á undirbúningsstigi og er gjarnan byggð á reynslutölum í öðrum sambærilegum verkefnum. Óvissa við gerð frumáætlunar er almennt $\pm 30-50\%$.
2. Kostnaðaráætlun I er gerð á frumhönnunarstigi, þ.e. þegar fyrir liggur útlit, stærð og gerð mannvirkis. Áætlun er byggir á leiðbeinandi magntölum verkþátta og byggingahluta og einnig á fyrstu verk- og efnislýsingum. Óvissa kostnaðaráætlunar I er almennt $\pm 20-25\%$.
3. Kostnaðaráætlun II er gerð við fullhannað mannvirki. Magntölur, efnisval og annað sem mótar mannvirkið liggur fyrir. Þessi kostnaðaráætlun liggur til grundvallar er leitað er eftir heimild til verklegra framkvæmda. Óvissa kostnaðaráætlunar II er á bilinu $\pm 10-15\%$. Þetta eru þau mörk sem fjárveiting til verklegra framkvæmda þarf að miðast við.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

